

**55. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir
nordur- og austurumdæminu, um bústað sýslu-
mannsins í Norðurmúlasýslu.**

1864.
30. júní.

Útaf þeim tillögum yðar, herra amtmaður, í bréfi 18. febrúarm. þ. á., að O. Smith, sýslumanni í Norðurmúlasýslu, verði leyft að hafa bústað sinn á Vestdalseyri, sem svo er nefnd, í grennd við verzlunarstaðinn á Seyðisfirði, er sá staður sè haganlega settur fyrir allan þorra sýslubúanna, skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar, og til þess þér kunngjörð það, að frá stjórnarráðsins hálfu er ekkert þessu til fyrirstöðu.

**56. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir
nordur- og austurumdæminu, um borgun á kaup-
verði fyrir hús.**

30. júní.

Með bréfi 18. febrúarm. þ. á. hafið þér, herra amtmaður, sent dómsmálastjórninni bréf frá Þorsteini kansellráði Jónssyni, sýslumanni í Þingeyjar sýslu; skýrir hann þar frá, að hann hafi gjört kaupsamning við Schulesen heitinn kammerráð, um íbúðarhús nokkurt í Húsavík, er hinn síðar nefndi átti; hafi hann í samningi þessum skuldbundið sig til að borga til ýmsra ómyndugra í sýslunni, er áttu í höndum Schulesens hêrumbil 500 rd., helminginn af þeim 1000 rd. af kaupverðinu, er eptir stæðu 31. dag desemberm. 1863, og leitar hann nú úrskurðar stjórnarráðsins um, hvort hann megi borga það, sem þannig er eptir af kaupverðinu, á þann hátt, sem áskilið er í samningnum, án tillits til skulda þeirra, er ef til vill kunni að hvíla á dánarbúi Schulesens kammerráðs; hafið þér, herra amtmaður, lýst því yfir, að þér eptir atvikum málsins getið ekki betur sèð, en að eptirstöðvarnar af kaupverði því, sem hêr er um rætt, eigi að borgast inn í búð og teljast með tekjum þess, en aptur á móti beri að lýsa eptir kröfum hinna ómyndugu í búinu á sama hátt og öðrum skuldum, og muni þá hinir ómyndugu ekki bíða neitt

1864. tjön, er þeir eptir tilsk. 18. febrúarm. 1847 18. grein hafi
30. júní. veðrétt í dánarbúi yfirfjárráðanda.

Með því stjórnarráðið fellst á skoðun þá, er þér þannig hafið í ljósi látið, skorar það hérmeð á yður, að svara þorsteini kansallráði Jónssyni þessu samkvæmt.

1. júlí. **57. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um nýbýlingsréttindi Jóns Bjarnasonar í Vilborgarkoti.**

Í bréfi 2. dag aprílm. þ. á. hafið þér, herra stiptamtmaður, skýrt frá, að bóndi nokkur, Jón Bjarnason að nafni, hafi verið 1863 farið þess á leit, að sèr væri útvísuð til byggingar eyðijörðin Vilborgarkot í Seltjarnarnes hreppi innan Gullbringusýslu, og að það hafi verið ályktað við skoðunargjörð þá, er fyrir þessa sök hafi haldin verið, að nábýlisjarðirnar Hólmur og Helliskot, sem eyðijörðin um mikinn fjölda ára hefir legið undir, og verið partur úr sjálfri landeign þeirra, missi svo mikils í ef hún er aðskilin frá þeim og byggð, að sá, er hana byggði, ætti að bæta upp eigendum hvorrar fyrir sig af jörðum þessum skaða þenna með 20 álna árgjaldi, en að hlutaðeigandi hafi álitíð, að hann sem nýbýlingur hefði átt að fá jörðina Vilborgarkot útvísada til óðals og eignar samkvæmt tilskipun 15. aprílm. 1776, og að hann því hafi heimtað, að stiptamtíð gæfi sèr nýbyggjarabréf fyrir greindri eyðijörð, er hann hefir byggt. Þér hafið nú herra stiptamtmaður haldið, að ekki yrði fallist á þetta, og hafið þér í því efni tekið fram, að tilgangurinn með ákvörðunina í tilsk. 15. aprílm. 1776 verði að vera sá, að hvetja menn með hlunnindum þeim, sem þar er heitið, til að byggja og rækta jarðir, sem annaðhvort eru í eyði, eður eptir landslaginu ekki geta orðið ábúendum þeirra jarða, sem þær liggja undir, til neinna verulegra nota; að tilskipunin virðist gjöra ráð fyrir, að heimajörðin, eptir að nýbýlið er frá henni skilið, gefi ábúandanum hérumbil sama arð og geti risið undir sömu álögum